



Ársskýrsla
starfsárið 2012-2013
maí - apríl

Aðalfundur 2013
17. maí, 2013

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða var stofnað 1. janúar 2000 við sameiningu íslenskra bókavarðafélaga og er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða. Félagið hefur það m.a. að markmiði að gangast fyrir faglegri umræðu, efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda og efla samvinnu þeirra.

1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru um það bil 454 og þar af 52 stofnanir. Til að gefa nokkra hugmynd um stækkun félagsins þá bætast um 20 nýir félagar við á hverju ári og einhverjir falla út, annað hvort segja sig úr félaginu eða falla frá. Félagsaðild er aðallega persónuleg en í raun eru fimm aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða nú 7.000 krónur í árgjald (áður 6.000 kr.).
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða nú 14.000 krónur í árgjald (áður 12.000 kr.).
- c. Nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði. Þeir greiða nú 3.500 (áður 3.000 kr.).
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.

Sigrún Guðnadóttir hefur séð um uppfærslu félagatalsins síðastliðið starfsár.

2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nágildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórn Upplýsingar starfsárið 2012-2013 var sem hér segir:

Formaður: Margrét Sigurgeirsdóttir

Varaformaður: Sara Stef. Hildardóttir

Ritari: Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Gjaldkeri: Sigrún Guðnadóttir

Meðstjórnandi: Óskar Guðjónsson kom inn í stjórn þegar Andrea Ævarsdóttir sagði sig úr stjórn í nóvember 2012.

Varastjórn: Óskar Guðjónsson og Þóra Sigurbjörnsdóttir

3. Handbók stjórnar

Tilgangur handbókarinnar er að hafa á einum stað allt verklag og reglur, erindisbréf og lög sem gilda um félagið og starfsemi þess. Handbókin er lifandi skjal sem ætlað er að auðvelda stjórn, nefndum og hópum á vegum Upplýsingar að hafa yfirsýn yfir verkefni og verklag.

4. Húsnæðismál

Upplýsing fékk húsnæði til leigu að Lyngási 18, Garðabæ og flutti þangað snemma árs 2009. Húsaleigan er kr. 28.000 og er ekki vísitölutryggð en leigu á að endurskoða árlega.

5. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Haldnir voru 12 stjórnarfundir eða að jafnaði mánaðarlega. Áhersla stjórnar á þessu starfsári var sem fyrr á fagleg málefni og ímynd stéttarinnar. Stjórnin setti sér framkvæmdaáætlun í upphafi starfsársins og er gerð grein fyrir því helsta í skýrslunni á eftir. Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að félagið starfi á fimm sviðum: Stjórnunarsviði, fjármálasviði, útgáfusviði, fræðslu- og ráðstefnusviði og fagsviði. Starfsemi sem ætti að falla undir þessi mismunandi svið er í raun unnin af stjórn og nefndum á vegum félagsins. Þess skal geta að stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu, greitt er fyrir ritnefndarstörf, vefstjórn og gjaldkerastörf auk þess sem formaður fær greidda þóknun mánaðarlega enda er formaðurinn í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum félagsins. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

6. Fjármál og styrkir

Rekstrarfé Upplýsingar er að mestum hluta árgjald félaga. Á aðalfundi 2012 var ákveðið að hækka árgjaldið (sjá 1. kafla). Nokkrir aðrir tekjuliðir skipta félagið máli og eru þessir helstir: Menntamálaráðuneytið veitti félaginu í mars 2012 styrk vegna áraanna 2012/2013 kr. 300.000. – sem nýttur var til hins ýtrasta á árinu 2012. Einnig barst styrkur vegna Nordill ráðstefnunar í Hörpu kr. 500.000 frá menntamálaráðuneyti. Styrkur menntamálaráðuneytisins hefur lækkað verulega á síðustu árum og enginn styrkur hefur borist frá ráðuneytinu vegna áraanna 2013/2014.

Fjárhagur félagsins er stöðugur en rekstur félagsins tekur mið af þeirri hugsun að einstakir félagsmenn sjái sér hag í því að vera í félaginu t.d. með því að fá Bókasafnið, tímarit félagsins, fá gott framboð af viðburðum og á lægra verði en utanfélagsmenn. Reynt er að verðleggja viðburði lágt og reynt að stilla það þannig af að einn viðburður sé ekki notaður til að niðurgreiða annan. Þetta er mjór vegur að feta og geta komið upp tilfelli þar sem kostnaður fellur alfarið á félagið. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í það.

7. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Eins og sakir standa fá félagsmenn 20% afslátt í Pennanum – Eymundsson og í lðu. Einnig hefur verið veittur afsláttur fyrir félagi af námskeiðum, morgunkornum, landsfundi og ráðstefnum á vegum Upplýsingar. Skuldlausir félagar fá svo ókeypiss á jólagleði og allar heimsóknir Upplýsingar.

8. Útgáfumál og fréttamiðlar

Félagið gefur út tímaritið, *Bókasafnið*, einu sinni á ári. Fréttabréfið *Fregnir* birtist núna á Netinu (<http://upplysing.wordpress.com/tag/upplysing/>). Þá er Fréttamoli stjórnar sendur félagsmönnum í tölvupósti tvisvar á ári.

a. *Bókasafnið*

Síðast liðið vor kom út 36. árgangur Bókasafnsins og á næstunni mun félögum berast fyrsta tölublað 37. árgangs blaðsins. Mikið hefur gengið út af eldri eintökum og eru nú nokkrir árgangar blaðsins ófáanlegir.

b. *Vefur félagsins – www.upplysing.is*

Vefstjóri Upplýsingar er Óskar Þór Þráinsson. Helstu verkefni vefstjóra hafa verið að uppfæra vefinn með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, landsfundar og annarra uppákoma á vegum félagsins. Endurskipulag vefsins er langtímaverkefni og verður áfram unnið að uppbyggingu innri og ytri vefs og samnýtingu við aðra vefi og samfélagsmiðla. Helstu verkefni framundan er að taka í notkun sérstaka vefhluta sem snúa að höfundarétti. Áætlað er að opna nýjan og endurbættan vef í vor.

Notkun vefsins:

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn árið 2012: 12.926 (en þau voru 7.033 árið 2011). Að meðaltali eru 480 notendur sem skoða vefinn 27 sinnum í hverjum mánuði. Árið 2012 voru síðuflettingar 45.815 en það er 70% aukning frá fyrra ári. Hluta aukningar má rekja til þess að vefur Nordill 2012 sem haldin var á Íslandi var hýstur hjá Upplýsingu.

	2011	2012
Fjöldi innlita	7.033	12.926
Notendur (nýir eða sjaldséðir)	3.422	5.387
Flettingar	26.882	45.815

c. *Fréttamolar stjórnar*

Fréttamolar er einblöðungur sem hefur það hlutverk að upplýsa félagi um það sem stjórn Upplýsingar er að brasa hverju sinni. Molarnir hafa nú verið sendir félagsmönnum átta sinnum, þar af tvisvar á síðasta starfsári.

d. *Póstlisti félagsins – bokin.is*

Póstlisti félagsins bokin.is er lokaður listi og á hann fara tilkynningar sem eru eingöngu ætlaðar félagsmönnum. Stundum vill brenna við að félagar gleymi að fara inn á listann og breyta netfangi sínu þegar það breytist og fá þar af leiðandi ekki tilkynningar frá félaginu. Við þessu getur Upplýsing lítið gert og þurfa félagsmenn að vera meðvitaðir um að það er þeirra ábyrgð vilji þeir fá upplýsingar frá félaginu. Umsjónarmaður með póstlista Upplýsingar er Vala Nönn Gautsdóttir.

Skýrsla útgáfunefndar Upplýsingar um starfsárið 2012-2013 fyrir aðalfund félagsins 17. maí 2013

Útgáfunefnd Upplýsingar/ritnefnd:

Í nýrri ritnefnd sem tók til starfa haustið 2012 eru: Anna María Sverrisdóttir, ritstjóri, Kristín Ingunnardóttir, gjaldkeri, Brynhildur Jónsdóttir, Ólína Rakel Þorvaldsdóttir, Erlendur Már Antonsson og Helgi Sigurbjörnsson, en báðir hafa umsjón með vefsíðu *Bókasafnsins* og bloggsíðu Fregna. Á aðalfundi Upplýsingar 27. apríl 2012 höfðu þrjár konur verið valdar í ritnefndina, Ólína Rakel Þorvaldsdóttir, Hrönn Hafþórsdóttir og Linda Arnardóttir. Þær tvær síðastnefndu sögðu sig hins vegar úr nefndinni síðla sumars vegna anna í starfi. Í þeirra stað var ákveðið að fá Erlend Má og Helga til að starfa í ritnefnd.

Prentun og umbrot:

Undanfarin ár hefur *Bókasafnið* verið prentað hjá Guðjóni Ó, sem er vistvæn prentsmiðja. Ritnefnd hefur verið ánægð með þeirra þjónustu og samstarf gengið vel. Samt sem áður var ákveðið að leita til nokkurra prentsmiðja til að kanna hvort hagstæðari verðtilboð byðust. Eftir yfirferð á þeim tilboðum sem bærust var ákveðið að taka tilboði Guðjóns Ó. Hin tilboðin uppfylltu ekki ásett skilyrði eða þau voru of há.

Útgáfudagur 37. árgangs 2013:

Ákveðið var að taka tilboði prentsmiðjunnar Guðjóns Ó, sem hefur séð um prentun blaðsins um árabíl. Ritnefnd varð ekki að ósk sinni um að koma *Bókasafninu* út í lok apríl eins og gert er ráð fyrir. Prentferlið hjá Guðjóni Ó tafðist um nokkra daga vegna alþingiskosninganna. Þessa dagana er blaðið í umbrotsvinnslu og því má gera ráð fyrir að *Bókasafnið* komi út í kringum 20. maí.

Efnistöð - ritrýndar greinar:

Líkt og áður verður efni *Bókasafnsins* með fjölbreyttu sniði og haldið verður áfram að birta ritrýndar greinar í bland við aðrar. Árið 2011 ákvað þáverandi ritnefnd að hefja birtingu ritrýndra greina og birti eina ritrýnda grein það ár, sem byggðist á MLIS-verkefni. Því miður birtist engin ritrýnd grein að ári liðnu. Nústarfandi ritnefnd mun halda áfram að efla ritrýniferli blaðsins enn frekar og hefur hún verið að víða að sér upplýsingum og marka sér stefnu í þeim efnunum frá því í haust. Í því blaði sem nú er í prentun verður þó aðeins birt ein ritrýnd grein. Það er stefna og von ritnefndar að fólk sendi inn meira af fræðigreinum til ritrýningar í framtíðinni. Ritstjóri ákvað því að vekja máls á þessu í grein sinni og fræða lesendur *Bókasafnsins* um ritrýni og gildi hennar. Í sömu grein er einnig greint frá könnun sem ritnefnd tók þátt í á ritstjórnarháttum íslenskra tímarita. Niðurstöður úr henni áttu að leiða í ljós hversu hátt íslensk, ritrýnd tímarit yrðu metin til næstu þriggja ára. Því miður var *Bókasafnið* ekki á lista með þeim tímaritum sem metin voru til stiga.

Fundir ritnefndar 2012-2013:

Fundir ritnefndar voru alls sjö á starfsárinu. Eitt af fyrstu verkefnum ritnefndar var að fara yfir vefmál útgáfunnar. Ritnefnd hafði áhuga á að fá beinan aðgang að vefsíðukerfi *Bókasafnsins*, sem hefur verið rekin af Upplýsingum. Óskar Þór Þráinsson, vefstjóri Upplýsingar var því kallaður til á fyrsta fund ritnefndar sem kynnti vefkerfið fyrir ritnefnd. Síðan hafa þeir þeir Erlendur Már og Helgi haft umsjón með vefsíðu *Bókasafnsins*. Þetta hefur reynst mjög vel þar sem ritnefnd gefst nú meira svigrúm til að uppfæra vefinn reglulega. Fregnir var endurvakinn í

formi bloggsíðu. Þar er ætlunin að birta fréttir og umfjallanir um efni sem varða bókasafns- og upplýsingafræði. Ritnefnd var að vonast til að þar færi fram opin umræða á líflegan og gagnvirkan hátt líkt og gengur og gerist á Skruddu. En því miður ætlar Fregnir ekki að verða sá „gagnvirki vettvangur“ sem ritnefnd hafði vonast til ef miðað er við þær fáu færslur sem hafa borist. Nokkru síðar var send önnur tilkynning til að ýta undir notkun á Fregnum. Því miður bar það ekki tilætlaðan árangur. Ritnefnd stefnir samt að því að halda áfram með Fregnir næsta starfsárið.

F.h. útgáfunefndar/ritnefndar, Anna María Sverrisdóttir

9. Framtíðarhópur

Ímyndarhópur hefur haldið áfram vinnu sinni með ímynd stéttar safnafólks. Hlutverk hópsins hefur aðeins verið að breytast og því hefur hópurinn fundist hann vera framtíðarhópur fremur en ímyndarhópur þar sem mikið er verið að rýna í framtíðina, nám og vinnu. Á Landsfundi Upplýsingar 2012 kynnti Fjalar Sigurðsson niðurstöðu könnunar sem hópurinn stóð fyrir og lögð var fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga vorið 2012. Í framhaldi var lagt af stað með vinnustofur sem fær fólk í stéttinni til að horfa til framtíðar. Framtíðarhópur mun svo nýta sér þá vinnu fyrir næstu skref.

10. Bókasafnsdagurinn 2013

Bókasafnsdagurinn var haldinn í fyrsta sinn árið 2011 í samvinnu við bókasöfnin í landinu og tengd félög. Að þessu sinni var ákveðið að tengja daginn við Dag læsis sem er 8. september ár hvert. En nú ber sá dagur upp á sunnudag og ákvað undirbúningshópur að nota næsta virka dag eða 9. september undir Bókasafnsdaginn 2013. Slagorðið verður: *“Bókasafnsdagurinn 9.9.2013 - Lestur er bestur - spjaldanna á milli”*. Stefnt verður að kynningarstarfið verði mikið í tengslum við daginn. Leitað verður til stærri bókasafna og félaga í faginu um fjármögnun á auglýsingunum. En aðalmálið er að starfsmenn safna gerir sér glaðan dag.

11. Ferðasjóður Upplýsingar

Hlutverk Ferðasjóðs er að styrkja fullgilda félaga til náms- og kynnisferða og hefur Upplýsing leitast við að auðvelda félögum sínum ferðir erlendis með því að veita ferðastyrki eins og fjárhagur leyfir. Upphæð sem úthlutað er til hvers styrkþega var hækkuð s.l. haust og er að jafnaði 30.000 kr. Fjöldi úthlutana fer eftir fjárhagsstöðu sjóðsins hverju sinni. Í reglum Ferðasjóðs er tekið fram að styrkþegi skuli hafa verið skuldlaus félagi í Upplýsingu í a.m.k. fimm ár og a.m.k. fimm ár þurfa að líða á milli úthlutana úr sjóðnum til sama einstaklings. Á síðasta starfsári fengu 5 félagar ferðastyrk að upphæð kr. 30.000. Eftirtaldir fengu styrki: Óskar Guðjónsson, Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir og Ásgerður Sveinsdóttir.

12. Höfundarréttarmál

Ólöf Benediktsdóttir hefur settið fyrir hönd Upplýsingar í höfundarréttarhópi sem norrænu bókavarðafélögin hafa sett af stað til að samræma áherslur á Norðurlöndum. Nú mun Óli Gneisti Sóleyjason taka við af Ólöfu sem verkefnastjóri hópsins. Hópurinn mun halda áfram að starfa.

13. Samskipti við stjórnvöld

Alþingi hefur leitað umsagnar Upplýsingar um lagafrumvörp og þingsályktanir ef efnið hefur tengst bókasöfnum. Hingað til hafa þessar umsagnir ýmist verið unnar af stjórnarmönnum eða fulltrúum sem hún hefur falið verkefnið en nú hefur fagnefnd félagsins þetta hlutverk með hendi. Upplýsing hefur á starfsárinu 2012-2013 fengið sent frá Alþingi til umsagnar eitt frumvarp til laga:

Frumvarp til laga um almenningsbókasöfn.

Vegna þess mætti stjórn Upplýsingar á fund allherjar- og menntamálanefndar þann 17. nóvember.

Þá ritaði stjórn Upplýsingar bréf í byrjun október þar sem vakin var athygli ráðherra á stöðu rafbókaútlána bókasafna.

Stjórn Upplýsingar fór á fund Katrínar Jakobsdóttur þann 16. janúar. Umræðuefnið var útlán rafbóka í bókasöfnum. Fundinn sátu einnig fulltrúar frá rithöfundum og útgefendum. Umræður voru gagnlegar og hreinskiptar.

14. Fræðslumál

Fræðslunefnd Upplýsingar kom með margar áhugaverðar tillögur að umfjöllunarefni fyrir morgunkornin og heimsóknir á bókasöfn og hefur stjórnin leitast við að fylgja hugmyndum þeirra.

Morgunkorn

Tilgangur þeirra er að efla faglega vitund félagsmanna með því að bjóða upp á umræðu um það sem tengist stéttinni í nokkuð víðum skilningi. Þá er þetta góður vettvangur til að hitta kollega og viðhalda tengslum. Hugmyndin gengur út á það að fá bæði sérfræðinga utan frá og innan félagsins til að ræða mál sem snerta félagið á einhvern hátt. Fundirnir standa í 1 ½ klst og hefjast með morgunverði og lýkur með umræðum ef mögulegt er. Sigríður Júlía Sighvatsdóttir hefur haldið utan um framkvæmd morgunkornanna í vetur og hefur þátttakan verið með ágætum.

Haldin voru sjö morgunkorn á vetrinum.

1. Það fyrsta var haldið 13. september 2012 í Bókasafni Kópavogs og var í tvennu lagi. Fyrri erindið flutti Dr. Jóhanna Gunnlaugsdóttir sem fjallaði um það hvort stjórnvöld sinni upplýsingagjöf um málefni sem varða almennig. Síðara erindið flutti Gunnhildur Manfreðsdóttir fagstjóri ráðgjafasviðs hjá Gagnavörslunni og bar það yfirheitið Samfélagsmiðlar – Upplýsingaflóð og varðveisla.

2. Þann 11. október var komið að ímyndarkönnun bókasafns- og upplýsingafræðinga. Þá kom til okkar í fyrirlestrarsal Þjóðabókhlöðunnar Fjalar

Sigurðsson ráðgjafi og kynnti niðurstöður könnunar sem unnin var í maí 2012 fyrir Stéttarfélag bókasafns-og upplýsingafræðinga (SBU).

3. Við vorum á léttum nótum í nóvember en þá flutti Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur erindi um ólíkar birtingarmyndir vampýrunnar, með áherslu á bókmenntir og kvikmyndir síðustu tveggja alda eða svo.

4. 10. janúar 2013 var fullur salur í Kórnum í Bókasafni Kópavogs þegar Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður fór yfir nýju bókasafnalögin sem tóku gildi viku áður.

5. Í febrúar var notaleg stund í Norræna húsinu þar sem þær Margrét og Ágústa bókasafnsfræðingar í bókasafni Norræna hússins sögðu frá Bókamessunni í Gautaborg, höfundakvöldum, skólaheimsóknum og rafbókaútlánum. Einnig sýndu þær stutta heimildamynd um Norræna húsið og Alvar Aalto arkitekt hússins.

6. 7. mars fjallaði Margrét Sigurgeirsdóttir safnastjóri RÚV og formaður Upplýsingar um varðveislumál og miðlun sjónvarps- og útvarpsefnis með hliðsjón af arfleifð Halldórs Laxness.

7. Síðasta morgunkorn vetrarins var svo 11. apríl þar sem Dagný Heiðdal, deildarstjóri listaverkadeildar Listasafns Íslands sagði frá evrópsku verkefni sem snýst um að koma samtímalist á stafrænt form og gera hana aðgengilega gegnum vefgáttina Europeana.

Námskeið:

Mikil vinna er fólgin í því að bjóða upp á námskeið. Í vetur hefur stjórnin sett upp eitt námskeið. Sara Stef. Hildardóttir hafði umsjón með því.

Rafbækur og lesbretti 101

Leiðbeinandi: Óskar Þór Þráinsson. Námskeiðið var haldið 24. apríl í Bókasafni Kópavogs og ráðgert að halda annað 22. maí og á Akureyri. Námskeiðið var ætlað fyrir byrjendur sem lengra komna; þeir sem eiga lesbretti mega gjarna koma með þau en aðrir fá að handleika gripni á staðnum. Í fyrri hluta er lagt upp með fyrirlestur almennt um eðli og tegundir rafbóka, um stöðuna á útgáfu rafbóka og áhrif þeirra á neytendur - ekki síst lánþega bókasafna og hugmyndir um það hvernig áhrif rafbókavæðingin hefur á rekstur bókasafna. Í seinni hluta er opnað fyrir spurningar og farið í að handleika gripinn, hala niður og vafra um í tækinu.

Landsfundur 2012

Landsfundur Upplýsingar var haldinn 27. og 28. september í Kópavogi undir yfirskriftinni: Gagn og gaman. Formaður Landsfundarnefndar var Hrafn Andrés Harðarson og setti nefndin fram metnaðarfulla dagskrá. Þátttakendur voru um 180 talsins.

Fimmtudagur 27. september

- 8:30 Afhending gagna
- 9:00 Fundur settur. **Formaður Upplýsingar - Margrét Sigurgeirsdóttir**
- 9:15 Ávarp af skjá. **Mennta- og menningarmálaráðherra – Katrín Jakobsdóttir**
- 9:30 Upplýsinga- og miðlalæsi. **Ross Todd**
- 10:15 Fyrirspurnir
- 10:30 Kaffihlé
- 11:00 Rafræn skjalavarsla. **Njörður Sigurðsson**
- 11:20 Hlutverk sérfræðisafna í nútíma samfélagi - litið um öxl og horft til framtíðar. **Sólveig Þorsteinsdóttir**
- 11:40 Skólinn og spjaldtölvun. **Jökull Sigurðsson**
- 12:00 Hádegisverður
- 13:00 Open library. **Lau Rasmussen**
- 13:30 Leitir.is – framtíðaráform. **Sveinbjörg Sveinsdóttir**
- 13:45 Landsbókasafn á einu (les)bretti. **Kristinn Sigurðsson**
- 14:00 „Öpps“. **Atli Stefán Yngvason**
- 14:15 Ólöglegt niðurhal. **Helgi Sigurbjörnsson**
- 14:30 Fyrirspurnir
- 14:45 Kaffihlé
- 15:15 Barnabókasetrið á Akureyri . **Brynhildur Þórarinsdóttir**
- 15:45 „Allskonar um bókasöfn og bækur og fáeinar hugleiðingar um risaeðlur“. **Vigdís Grímsdóttir**
- 16:15 Fyrirspurnir
- 16:30 Tilvalinn tími fyrir hópa að hittast.
- 19:00 Fordrykkur og hátíðarkvöldverður í Turninum

Föstudagur 28. september

- 9:00 Mæting
- 9:15 Pappírinn yfirgefinn. **Árni Matthíasson**
- 10:00 Framtíð bókasafna. **Andreas Mittrowann**
- 10:45 Ímyndarkönnun. **Fjalar Sigurðarson**
- 11:00 Kaffihlé
- 11:30 Gestafyrirlestur. **Phil Bradley**
- 12:30 Landsfundi slitið. **Formaður Upplýsingar - Margrét Sigurgeirsdóttir**
- 13:00 Skoðunarferð um Menningartorfuna. Opið hús fyrir landsfundarmenn á eftirtöldum stöðum: **Blindrabókasafn Íslands, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Tónlistarsafn Íslands, Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn, Salurinn og Molinn - ungmennahús** (sjá kort í möppu).
- 14:30 Endað er í Forsælunni, forsal Salarins en þar verður boðið upp á léttar veitingar í boði Lista- og menningarráðs Kópavogs.
- 15:00 Ávarp og kveðjuorð Karenar E. Halldórsdóttur, formanns Lista- og menningarráðs Kópavogs.
- 16:00 Lok

Ráðstefna - samstarf

Rethinking Library Services – New technologies – New opportunities var haldin í 10. skipti á Íslandi dagana 3. til 5. október 2012. Upplýsing var styrktaraðili. Ráðstefna 3f, Háskólans í Reykjavík og Upplýsingar var haldin 5. apríl 2013 undir yfirskriftinni Í skjýjunum - Upplýsingatækni og skólustarf. Meðal viðfangsefna voru spjaldtölvur í námi og kennslu, vendikennsla, Menntamiðja, skýið, Mooc fyrirbærið og gagnaukinn veruleiki.

Aðrir viðburðir:

- Jólagleði félagsins var haldin föstudaginn 30. nóvember í nýju húsnæði Bókasafns Listaháskólans í Reykjavík. Sara Stef. Hildardóttir forstöðumaður safnsins og starfsmenn hennar tóku vel á móti gestum. Rúmlega 100 félagar mættu, skoðuðu safnið, þáðu veitingar og hlýddu á tónlist.
- Haustheimsókn í bókasafn og upplýsingaþjónustu Alþingis féll niður vegna veðurs.
- Félögum Upplýsingar var boðið í heimsókn á Bókasafn og upplýsingaþjónustu Alþingis í Þórshamri föstudaginn 1. febrúar 2013 og mættu þar um þrjátíu manns. Fyrst var félögum boðið í skoðunarferð um húsakynni Alþingis.
- Þá lýkur starfsárinu á heimsókn í Borgarbókasafn Tryggvagötu 17. maí og er aðalfundur Upplýsingar jafnframt haldinn þar.

15. Nefndir og ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2012-2013

Í samræmi við lögina og í ljósi breytinga sem hafa orðið á verkefnum og vinnulagi stjórnar – var tekin sú ákvörðun á síðasta fundi stjórnar á tímabilinu að breyta nefndaskipan þannig að fastanefndir verði fáar en virkar. Uppstillingarnefnd mun að sjálfsögðu starfa sem fyrr. Auk þessara nefnda verður áfram hafður sá lýðræðislegi háttur að auglýsa eftir fólki sem er áhugasamt um ákveðin málefni til að veita því farargengi. Síðastliðað starfsár voru þrjár fastanefndir starfandi:

1. Fagnefnd, sem hefur það hlutverk að fjalla um allt sem snýr að stéttinni faglega svo sem siðareglur, gæðamál, lög um bókasöfn, álit á lagafrumvörpum, menntun félagsmanna og annað sem að þessu hugtaki kemur. Nefndinni er ennfremur ætlað að koma með tillögur að innihaldi morgunkorna Upplýsingar. Fagnefndina skipuðu á síðasta starfsári: Kristín Arnþórsdóttir, meistaraneimi, Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir, bókasafni og upplýsingaþjónustu HR og Anna Sigurðardóttir, bókasafni Hraunvallaskóla.
2. Fræðslu- og skemmtinefnd, sem hefur það hlutverk að undirbúa námskeið, morgunkorn, ráðstefnur, heimsóknir og annað sem að fræðslu- og viðburðamálum félagsins snýr. Hér er um að ræða hugmyndafræðilegan stuðning, tillögur um fyrirlesara og leiðbeinendur en ekki framkvæmd. Nefndina skipuðu á síðasta starfsári: Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir, Borgarbókasafni – Foldasafni, Ragna B. Kristjánsdóttir, bókasafn og upplýsingaþjónusta HR og Ágústa Lúðvíksdóttir bókasafni Norrænahússins.
3. Útgáfunefnd - sem hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið, Fregnir og setja meginlínur um fréttæfni á vefnum. Nefndinni er einnig ætlað að stýra Bókasafninu í átt að ritrýndu fagtímariti og skilgreina skilin milli fréttablaðsins og svo hlutverk vefsins. Anna María Sverrisdóttir Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni var formaður nefndarinnar en auk hennar voru Brynhildur Jónsdóttir, Erlendur Már Antonsson Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Helgi Sigurbjörnsson, Bókasafni MK, Ólína Rákel Þorvarðardóttir og Kristín Ingunnardóttir, gjaldkeri.

Starfshópar:

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmiss málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra. Framtíðarhópur hefur unnið ötullega að því að skoða ímynd stéttarinnar í

samstarfi við SBU í þeim tilgangi að stuðla að breytingum til góðs. Þá var auglýst eftir hópi til að undirbúa ILL norrænu millisafnaráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti og féll í Íslands hönd að halda árið 2012. Þórný Hlynsdóttir veitti undirbúningshópnum forstöðu. Óformlegur rafbókahópur starfar enn innan Upplýsingar.

Fulltrúar Upplýsingar í stjórnnum annarra félaga, hópa og stofnana

1. Stjórnarnefnd um Landsaðgang hvar.is – Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, varamaður er Ásdís Hafstað, MH
2. Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns – Elín Björg Smáradóttir, Bankasýslu ríkisins, varamaður er Sveinn Ólafsson.
3. Stjórn Hljóðabókasafnsins - Erla K. Jónasdóttir (aðalfulltrúi) Borgarbókasafni Reykjavíkur, varafulltrúi er Hrafn Harðarson, Bókasafni Kópavogs
4. Bókasafnaráð. Ráðherra skipar bókasafnaráð til fjögurra ára í senn og á Upplýsing tvo fulltrúa.
5. Þjónustumiðstöð bókasafna - Nanna Bjarnadóttir, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni
6. Ráðgjafarnefnd um almenningubókasöfn - Hólmkell Hreinsson, Amtsbókasafninu á Akureyri
7. Þöll. Samstarfshópur um barnastarf á íslenskum bókasöfnum - Sigríður Matthíasdóttir, Bæjar- og héraðsbókasafninu Selfossi (forsvarsmaður)
8. Gerðubergsráðstefna - Inga Kristjánsdóttir, Bókasafni Kópavogs
9. Höfundarréttarráð – Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fulltrúar í erlendum félögum

10. Verkefnisstjóri vegna tilnefningar til verðlauna úr minningarsjóði Astrid Lindgren - Þorbjörg Karlsdóttir, Borgarbókasafni
11. Norrænn samstarfshópur um tónlistarsöfn – forstöðumaður Bókasafns Listaháskóla Íslands
12. ARLIS/Norden – Elín Guðjónsdóttir, Listasafni Íslands
13. Nord I&D – Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík
14. NordinfoLIT - Astrid Margrét Magnúsdóttir, Háskólum á Akureyri
15. Stjórn NFBN - Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík

16. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Upplýsing er félagi í mörgum erlendum bókavarðafélögum s.s. LIBER, IASL, IFLA, EBLIDA, Nord I&D, NFBN. Samskipti við þessa aðila eru mismikil og ekki er alltaf ástæða til að senda íslenska fulltrúa á fundi. Reynt hefur þó verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu gagnlegust. Árið 2012 sendi félagið tvo fulltrúa á ráðstefnur IFLA en hvorki á EBLIDA né LIBER.

a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar Norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári og skiptast á um að bjóða til funda. Það var haldinn sameiginlegur fundur út í Helsinki ágúst 2012 og fóru Margrét Sigurgeirsdóttir og Sigrún Guðnadóttir í nafni félagsins.

b) IFLA

Fastanefndir. Upplýsing er aðili að IFLA og hefur tilnefnt í eina fastanefnd, en er aðili að fleiri nefndum og fær upplýsingar um starfsemi þeirra. Meðal norrænu bókavarðafélaganna fór fram umræða um tilnefningar í nefndir IFLA.

IFLA-þingið í Helsinki. Upplýsing sendi tvo fulltrúa á IFLA þingið þær Sigrúnu Guðnadóttur gjaldkera og Margréti Sigurgeirsdóttur formann.

c) Goethe Institut.

Fulltrúi Goethe Institut, Beate Detlefs sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn, hefur reynst félaginu vel. Stofnunin greiddi kostnað við komu fyrirlesara á Landsfund 2012.

Að lokum

Þegar litið er yfir starfsemi Upplýsingar kemur í ljós að margt hefur verið gert og leitast hefur verið við að sinna sem flestum þeim málum sem félag af þessu tagi getur unnið án fastra starfsmanna. Að venju hefur stjórnin skipt með sér verkum og reynt að dreifa álagi eins og mögulegt er, en það mikla framboð á viðburðum og fræðslu sem félagið býður upp á sem eru orðnir fastir liðir. Það hefur almennt aukið álag á stjórnina. Formaður vill nota tækifærið hér að þakka stjórninni fyrir gott samstarf og öllum þeim sem hafa lagt að mörkum vinnu eða annað en það er forsendan fyrir því að Upplýsing geti boðið uppá svo metnaðarfullt félagsstarf sem raun ber vitni.

Skoðunarmenn reikninga Upplýsingar árið 2012-2013 eru þær Anna Kristín Stefánsdóttir, Arnfríður Jónasdóttir og Sigrún Sveinsdóttir og hafa þær yfirfarið reikningana án athugasemda.

Fjárhagsáætlun 2013-2014

Tekjur	2012-2013
Árgjöld	2.800.000
Námskeið/ráðstefnur	200.000
Styrkir	600.000
Ýmis fjármögnun á eigið fé	450.000
Landsfundur	250.000
Tekjur samtals	4.300.000

Gjöld

Norrænt og alþjóðlegt samstarf	-1.000.000
Ferðastyrkir	-200.000
Funda- og stjórnunarkostnaður	-400.000
Innlend þing	-400.000
Námskeið	-100.000
Húsaleiga	-364.000
Skrifstofukostnaður	-800.000
Nethýsing	-120.000
Bankakostnaður	-85.000
Styrkir v. Faglegs starfs	-250.000
Útgáfa og prentun	-100.000
Fjármagnstekjuskattur	-40.000
Jólagleði og aðrar upptakomur	-400.000
Gjöld samtals	-4.259.000

Efnahagsreikningur
31. desember 2012

2012

Veltufjámunir:

Verðbréfaveltureikningur í L.Í. 371722	734.031
Vaxtareikningur 380307	4.902.545
Verðbréf VÍB - eign ferðasjóðs Upplýsingar	3.394.767
Kjörbók í L.Í. 263671 eign þallar	144.921
Ávísanareikningur 505712	564.469
Ávísanareikningur 505713	724.656
Vaxtareikningur 380189	2.109.586
Gjaldeyrisreikningur 710666	11.093
	<hr/>
	12.586.068

Eignir samtals **12.586.068**

Eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári	12.416.027
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	170.041
	<hr/>
Eigið fé samtals	12.586.068

Skuldir og eigið fé samtals **12.586.068**

**Rekstrarreikningur
ársins 2012**

	2012
Rekstrartekjur:	
Árgjöld	2.928.033
Landsfundur	5.013.782
Innlend þing, ráðstefnur, fundir, styrkir og fl.	800.000
Norrænt- og alþjóðlegt samstarf, styrkir	0
Bókasafnsdagurinn	1.124.217
Rafbókaráðstefna	1.207.500
Skrifstofa	0
Vaxtatekjur	379.330
Morgunkorn	139.908
Námskeið	215.500
	Samtals tekjur 11.808.270
Rekstrargjöld:	
Innlendar ráðstefnur (áður innlend þing)	438.963
Ímyndarvinna	69.398
Norrænt- og alþjóðlegt samstarf	725.709
Bókasafnið – útgáfustyrkur	0
Rafbókaráðstefna	1.185.847
Bókasafnsdagurinn	1.050.493
Vefstjórn	200.000
Ferðastyrkur Upplýsingar	150.000
Funda- og stjórnunarkostnaður	226.384
Skrifstofukostnaður	856.639
Þóknun vegna stjórnarsetu	350.000
Fjármagnstekjuskattur	46.936
Bankakostnaður	95.668
Hýsing á vefsíðu	122.210
Leiga á húsnæði	336.000
Styrkur	50.000
Skírteini 2011-2012	25.654
Kostnaður vegna landsfundar	4.367.344
Jólagleði Upplýsingar	300.888
Morgunkorn	442.722
Námskeið	155.000
	Samtals gjöld 11.195.855
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	612.415

UPPLÝSING FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

L Ö G

I. NAFN OG HLUTVERK

1. gr. – Nafn og varnarþing

Félagið heitir: *Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða*. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. – Markmið

Markmið félagsins er:

- a) Að auka skilning á mikilvægi sérfræðiþekkingar bókasafns- og upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- b) Að efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda.
- c) Að bæta aðstöðu til rannsókna og náms í bókasafns- og upplýsingafræði.
- d) Að efla samstarf og samheldni félagsmanna.
- e) Að gangast fyrir faglegri umræðu um bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar.
- f) Að stuðla að og standa fyrir símenntun félagsmanna.
- g) Að auka samvinnu ólíkra safnategunda.
- h) Að koma á samvinnu við innlenda og erlenda aðila með svipuð markmið.
- i) Að vera löggjafanum og stjórnvöldum til ráðgjafar um bókasafns- og upplýsingamál.
- j) Að starfa með *Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga* og öðrum stéttarfélögum eftir því sem við á.

II. FÉLAGSAÐILD

3. gr. – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almenningsbókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- b) Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- c) Áhugamenn um markmið félagsins.
- d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundi.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagtímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.

III. SKIPULAG SVIÐA OG NEFNDA

4. gr. – Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist í eftirfarandi svið:

- a) Stjórnunarsvið.
- b) Fjármálasvið.
- c) Útgáfusvið.
- d) Fræðslu- og ráðstefnusvið.
- e) Fagsvið.

Stjórn félagsins eða félagsfundir er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirmælum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

IV. STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

5. gr. – Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjöri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- b) Aðra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seta í stjórn skerðir ekki kjörgengi til formanns.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

6. gr. – Stjórnarfundir

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Stjórnarfundur skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði á tímabilinu september - apríl, en oftast ef þörf krefur. Svo og ef að minnsta kosti þrjú stjórnarmenn æskja þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

7. gr. – Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundum.
- e) Halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

V. AÐALFUNDUR

8. gr. – Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- | | |
|---|---|
| a) Skýrsla stjórnar. | g) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr. |
| b) Skýrslur hópa og nefnda. | h) Kosning skoðunarmanna reikninga. |
| c) Reikningar félagsins. | i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn. |
| d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs. | j) Önnur mál. |
| e) Árgjald. | |
| f) Lagabreytingar. | |

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

VI. FJÁRMÁL

9. gr. – Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum.

10. gr. – Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings en stofnanir tvöfalt árgjald

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelld í að minnsta kosti 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda féлага.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans felld út af félagaskrá

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.

VII. FÉLAGSFUNDIR

11. gr. – Félagshundir

Til almennra félagshunda skal stjórn félagsins boða skriflega. Til fundar er skylt að boða ef að minnsta kosti 20 fullgildir félagshmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna.

VIII. LANDSFUNDUR

12. gr. – Landsfundur

Landsfundur skal halda að hausti annað hvert ár. Landsfundur skal að jafnaði vera tveggja daga ráðstefna þar sem fjallað um bókasafna- og upplýsingamál. Stjórn félagsins skipar landsfundarnefnd og er starfstími hennar milli landsfunda.

IX. LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

13. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. mars.

14. gr. – Félagsslit

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún rædd á sérstökum félagshfundi sem boðað er til í því skyni. Tillagan skal kynnt í fundarboði eigi síðar en 10 dögum fyrir félagshfundinn. Áður en tvær vikur eru

liðnar frá þeim fundi skal kosið bréflaga um félagsslit. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hljóti hún stuðning 60% þeirra sem afstöðu taka.

Við félagsslit skulu eignir félagsins renna til starfandi félags bókasafns- og upplýsingafræðinga og/eða bókavarða samkvæmt nánari ákvörðun fráfarandi stjórnar. Sé slíkt félag ekki til skal eignunum varið til styrktar kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði.

Samþykkt á stofnfundi Upplýsingar 26. nóvember 1999

Breytingar 15.05.2001, 09.05.2005, 16.05.2006 og 06.05.2008

Heiðursfélagar Upplýsingar og fyrri bókavaráfélaga

1969	Guðmundur Gíslason Hagalín
1974	Björn Sigfússon
1978	Haraldur Sigurðsson
1980	Herborg Gestsdóttir
1985	Ólafur F. Hjartar
1985	Bjarni Vilhjálmsson
1985	Anna Guðmundsdóttir
1985	Anna Sigurðardóttir
1992	Hilmar Jónsson
1995	Finnbogi Guðmundsson
1996	Guðrún Gísladóttir
1996	Gunnar Markússon
1997	Kristín H. Pétursdóttir
1998	Þórdís Þorvaldsdóttir
2004	Einar Sigurðsson
2004	Else Mía Einarsdóttir
2004	Erla Jónsdóttir
2004	Hulda Sigfúsdóttir
2004	Lárus Zophoníasson
2004	Ólafur Pálmason
2004	Óli J. Blöndal
2007	Sigrún Klara Hannesdóttir
2007	Svanlaug Baldursdóttir
2012	Anna Torfadóttir
2012	Arndís S. Árnadóttir